

- 70 STADFESTING KONUNGS á skipulagsskrá fyrir Sjúkrasjóð
2. okt. sjera Magnúsar Helgasonar og Boga Th. Melsteðs handa nemendum Kennaraskóla Íslands, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 2. október 1928. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

um

Sjúkrasjóð sjera Magnúsar Helgasonar og Boga Th. Melsteðs handa nemendum Kennaraskóla Íslands.

1. gr.

Sjóður þessi er stofnaður í fyrstu með fje því, sem fjekest fyrir sölu á Stuttri kenslubók í Íslendingasögu eftir Boga Th. Melsteð, 3. útg., er hann gaf til þess. Sjera Magnús Helgason sá um söluna og gaf 500 — fimm hundruð — kr. í sjóðinn, svo nú er fjárupphæð hans 1018 kr. 00 au.

Sjóður þessi skal heita Sjúkrasjóður sjera Magnúsar Helgasonar og Boga Th. Melsteðs handa nemendum Kennaraskóla Íslands.

2. gr.

Markmið sjóðsins er fyrst og fremst að hjálpa nemendum Kennaraskólans, þá er þeir eru sjúkir, með því að kosta læknishjálp, hjúkrun, dvöl í sjúkrahúsum og heilsuhælum.

Nú vex sjóðurinn svo, að eigi þarf að nota eyðslueyrið allan (sbr. 3. gr.) til þess að styrkja sjúka nemendur skólans, og skal þá verja því, er afgangs verður, til þess að styrkja á sama hátt alþýðuskólakennara, konur þeirra eða ekkjur og börn, og þar næst fátækar ekkjur og börn, þá er sjóðurinn síðar kann að verða fær um það.

3. gr.

Höfuðstól sjóðsins skal ávaxta í Söfnunarsjóði Íslands, aðaldeild hans. Allar gjafir til sjóðsins skulu lagðar við höfuðstólinn og einnig allir ársvextirnir, uns sjóðurinn er orðinn 4000 — fjögur þúsund — kr., þá má fara að veita styrk úr honum, en ávalt skal þó leggja þrjá fjórðu af ársvöxtunum við höfuðstólinn; einungis einn fjórðungur þeirra er eyðslueyrið.

Þá ársvexti sjóðsins, sem er eyðslueyrið, skal ávaxta í tryggilegum sparisjóði, meðan þeir eru eigi notaðir sjúklingum til styrktar.

4. gr.

70

2. okt.

Skólastjóri Kennaraskólans hefir stjórn sjóðs þessa á hendi og veitir styrk úr honum. Hann gefur árlega kenslumálaráðuneytinu skýrslu um hann, enda skal sjóðurinn vera undir yfirumsjón þess. Ársreikningur sjóðsins sje birtur árlega í skýrslum skólans.

5. gr.

Stjórnandi sjúkrasjóðsins skal fá konunglega staðfestingu á skipulagsskrá þessari.

Kaupmannahöfn, 6. sept. 1928.

Reykjavík, 25. sept. 1928.

Bogi Th. Melsteð.

Magnús Helgason.

AUGLÝSING

71

10. okt.

um

staðfesting dóms- og kirkjumálaráðuneytisins á heilbrigðissamþykkt fyrir Flatey á Breiðafirði.

Samkvæmt lögum nr. 64. frá 10. nóvember 1905, um heilbrigðissamþykktir fyrir bæjar- og sveitarfjelög, er hjermeð staðfest eftirfarandi

HEILBRIGÐISSAMÞYKKT

fyrir

Flatey á Breiðafirði.

I. Almenn ákvæði.

1 gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir Flatey á Breiðafirði.

2. gr.

Meðan hreppstjóri er ekki búsettur í Flatey, er hreppsnefndaroddviti formaður heilbrigðisnefndar. Auk hans eiga sæti í nefndinni: einn maður er hreppsnefnd kýs til tveggja ára og annar er sýslunefnd tilnefnd til jafnlangs tíma. Skulu báðir þessir menn vera búsettir í Flatey.